

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 84/2014**

084-2014i

frá 16. maí 2014

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/121/ESB frá 7. mars 2013 um öryggiskröfur, sem uppfylla á með Evrópustöðlum, um tiltekin sæti fyrir börn samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB um öryggi vöru <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 3r (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/477/ESB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„3s. **32013 D 0121**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/121/ESB frá 7. mars 2013 um öryggiskröfur, sem uppfylla á með Evrópustöðlum, um tiltekin sæti fyrir börn samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB um öryggi vöru (Stjtið. ESB L 65, 8.3.2013, bls. 23).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2013/121/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 65, 8.3.2013, bls. 23.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.